

LISTIR

Eitthundrað ára saga Hjálpræðishersins á Íslandi er komin út



Morgunblaðið/Ásdís

100 ÁRA saga Hjálpræðishersins á Íslandi, Með himneskum armi, er komin út. Í tilefni af útgáfu bókarinnar var forseta Íslands og borgarstjóranum í Reykjavík afhent eintak af bókinni að

Forseta Íslands og borgarstjóra afhent eintak

viðstöddum Knut Gamst yfirforingja Hjálpræðishersins á Íslandi, dr. Pétur Péturssyni höfundu bókarinnar, fulltrúum útgefenda og fleiri gestum. Skálholts-útgáfan gefur bókina út.

MYNDLIST


Gallerí
Ingólfsstræti 8

VEFLIST

Ásgerður Búadóttir. Opíð alla daga
(nema mánud.) kl. 14-18 til 22. des.
Aðgangur ókeypis

Í KJÖLFAR mikillar yfirlitssýningar Listasafns Íslands á síðasta ári á verkum sem spönnuðu allar feril Ásgerðar Búadóttur var erfitt að reikna með að hún ætti enn eftir að koma á óvart í verkum sínum. En það gerir hún svo sannarlega hér, þar sem hún hefur látið þennan viðkunnanlega en litla sýningarsal ráða ferðinni, og í stað þess að setja upp nokkur af þeim stóru verkum, sem hún hefur einkum unnið hin síðari ár, hefur hún greinilega unnið þessi þrettán litlu verk (25x25 cm að stærð) fyrst og fremst með veggjalarins í huga.

Ásgerður hefur lengi einbeitt sér að því að vinna með ull og hrosshár í stillilegum verkum, sem þrátt fyrir óhlutbundið yfirbragð hafa greinilega vitnað um eilíf gildi íslenskrar náttúru. Í verkum hennar hafa komið saman einföld form landsins, þar sem píramíða fjallanna hvíla á hinni lárétta línu sjóndeildarhringsins, og moldarlitur jarðarinnar brýst fram undan hvítri hulunni, sem hvílir yfir henni mikinn hluta ársins. Þetta finlega spil forma og lita hefur verið mjög tignarlegt í meðförum Ásgerðar, þar sem stærð verkanna hefur gert listakonunni mögulegt að láta hvert smáatriði njóta sín til hins ítrasta. Fyrirfram hefði áhorfandinn ekki



ÁSGERÐUR Búadóttir: Án titils. 1995.

Hreint, íslenskt orðfæri

reiknað með að þessi finleiki fengi notið sín með sama hætti í smærri verkum, en hér kemur annað í ljós;

listakonunni hefur tekist að láta stærðina vinna fyrir sig í að meitla formin í flötunum. Flestar myndir-

ar byggir Ásgerður á láréttri línu sjóndeildarhringsins, en fyrir það verða aðrar myndir (t.d. nr. 4, 6 og 10) ef til vill eftirtektarverðari en ella. Jafnvægi formsins og notkun efnanna er hins vegar mikilvægasti þátturinn í verkum eins og nr. 2, 7 og 9, þar sem andstæðir efnis-eiginleikar ullar og hrosshárs nýtast listakonunni hvað best; smæð flatanna skiptir þar engu máli þegar nánar er að gáð, og það kemur undirrituðum a.m.k. á óvart.

Í sýningarskrá er birt tilvitnun í viðtal við listakonuna frá því snemma á síðasta áratug, þar sem hún vísar til orða Ólafs Kárásonar Ljósavíkinga um á hvaða grundvelli framtíðin myndi meta verk hans, en þar taldi hann að lykilsurningin yrði: „Hafði hann íslenskt orðfæri, orti hann hreint?“

Svarið við slíkri spurningu hvað varðar list Ásgerðar Búadóttur yrði tvímælalaust jáyrði. Í list hennar er að finna hreint, íslenskt orðfæri, sem um leið er sjálfstætt framlag sem á fulla samleið með alþjóðlegri listþróun, án þess að vera þar tagl-hnýtingur erlendra strauma. Á þann hátt sameinast hið þjóðlega og alþjóðlega áreynslulaust í góðri listsköpun, en það er nokkuð sem tilgerð, reimingur og eltingaleikur við tiskustefnur geta aldrei gert.

Hver einkasýning Ásgerðar Búadóttur hlýtur að teljast fengur fyrir listunnendur og er rétt að hvetja þá til að njóta þessarar á aðventunni; einnig er rétt að óska aðstandendum til hamingju með látláusan og vinalegan sýningarstað, sem vonandi á eftir að dafna sem best í framtíðinni.

Eiríkur Þorláksson

Tónleikar með söngkvartettinum Rúdolf

SÖNGKVARTETTINN Rúdolf heldur tónleika í húsnæði Kvennakórs Reykjavíkur að Ægisgötu 7 í kvöld og verður húsið opnað kl. 21 en tónleikarnir hefjast kl. 21.30.

Rúdolf hefur starfað undanfarin þrjú ár og sérhæft sig í flutningi jólalaga frá ýmsum löndum. Allur flutningur kvartettsins er án undirleiks og eru mörg laganna sérstaklega útsett fyrir Rúdolf. Á efnisskrá Rúdólfs er að finna um 50 jólalög frá ýmsum

löndum og mun kvartettinn flytja stóran hluta þeirrar efnisskrár á tónleikunum. Efnisskrá tónleikanna verður blanda af íslenskum og erlendum jólasálmum, jóla-sveinalögum og vinsælum, léttum jólalögum.

Fyrir þessi jól gefur Rúdolf út fyrsta hljómdisk sinn, Rúdolf jóla-söngvar, sem inniheldur 20 jólalög og er lagavalið eins konar sýnishorn af þeim lögum sem kvartettinn hefur á efnisskrá sinni.



SÖNGKVARTETTINN Rúdolf



Bráðum koma
blessuð jóln...

VELJUM ÍSLENSKI